

**Ed.**

## **98. Frumvarp til laga**

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita tannsmíð Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi.

Flm.: Magnús Gíslason, Ingvar Pálmason, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita tannsmíð Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### *Greinargerð.*

Maður sá, er hér um ræðir, Óli Baldur Jónsson á Eskifirði, hefur stundað tannlækninganám í Þýzkalandi um 5 ára skeið, fyrst í Fachschule für Dentisten í Hamburg frá 1934—1938 og síðan í eitt ár í Lehrinstitut für Dentisten í Dresden. Lauk hann prófi í báðum þessum skólum með góðum vitnisburði. Að námi loknu starfaði hann sem fullgildur aðstoðarmaður á tannlækningastofu í Þýzkalandi í hálf tveimur árum, en hvarf þá heim til Íslands og hefur síðan, með leyfi heilbrigðisstjórnarinnar, lagt stund á tannsmíðar og haft aðsetur á Austurlandi. Hins vegar hefur honum verið synjað um leyfi til að stunda tannlækningar: tanndrátt og tannviðgerðir, sökum þess, að skólar þeir, er hann nam í þessi fræði í Þýzkalandi, hafa ekki verið viðurkenndir af heilbrigðisstjórninni, en í lögum nr. 7/1929, um tannlækningar, er tannlækninga-próf í tannlæknskóla, er viðurkenndur er af heilbrigðisstjórninni, gert að skilyrði fyrir rétti til að stunda sjálfstæðar tannlækningar hér á landi.

Hingað til munu ekki aðrir skólar en tannlæknskólinn í Kaupmannahöfn hafa hlotið slíka viðurkenningu.

Nú er það vitað, að þeir, sem lokið hafa námi við framangreinda skóla í Þýzkalandi, geta fengið full tannlækna-réttindi þar á landi, og þykir þar með fengin trygging fyrir, að Óli Baldur hafi öðlzt nægilega fræðslu og þekkingu í fræðigrein sinni. Á hinn bóginn er mikill skortur á tannlæknum hér á landi, þar sem sumir landsfjórðungar eru alveg tannlæknilausir, svo sem Austfirðingafjórðungur, en þar hyggst Óli Baldur að setjast að, ef honum verður leyft að fara með tannlækningar. Hefur hann þegar unnið sér traust fyrir tannsmíðar sínar, sem þykja bera vott um hagleik og vandvirkni. Er með þessu að nokkru bætt úr vandkvæðum Austfirðinga á þessu sviði, en hitt er þó mikilsverðara, að þar sé búsettur fullkominn tannlæknir, sem geti gert við tannskemmdir. Sýnist engan veginn rétt að láta ónotaða þá starfskrafta, sem fyrir hendi eru, þegar þeirra er slík þörf sem raun ber vitni.

Á það er einnig að líta, að maður þessi hefur varið miklum tíma og fjármunum til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar í fræðigrein sinni, og því ósanngjarnt að meina honum að njóta ávaxtanna af iðju sinni.